

Markmið

Í Hönnun og smíði er lögð áhersla á að nemandinn öðlist sjálfstæði í verki og geti unnið út frá eigin hönnun og hugmyndum. Að nemandinn fái tækifæri til að vinna verk sín í mismunandi efnisvið og að vinna með helstu verkfæri.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Kennari leggur inn aðferðir og nemendur vinni síðan eftir eigin hönnun. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferlinu og fylgi hugmynd sinni eftir frá teikningu að lokaafurð.

Námsmat

Námsmat kemur fram í Mentor og byggist á matsviðmiðum aðalnámskrárinnar og hvernig nemandinn útfærir hugmyndir sínar, vinnur eftir hönnunarferli og sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum og skapandi vinnu. Verkefnaskil fara fram á Google classroom. Nemendur skila sjálfsmati í lok annarinnar.

Námshgögn

Notast er við efni / verkefni frá kennara. Nemendur leita hugmynda á netinu og í verkefnabanka í kennslustofunni.